



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 30. janúar 2019
1901044HS SG

Efni: Leynir - Umsögn um deiliskipulagstillögu

Þann 14. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðir úr landi Leynis í Rangárþingi ytra, landnr. 217713.

Um er að ræða fjórar frístundahúsalóðir A-D hver um sig um 1 ha að stærð sem þegar eru afmarkaðar skv. landamerkjaskrá frá Þjóðskrá. Á hverri frístundalóð fyrir sig er gert ráð fyrir allt að 100 m² frístundahúsi, allt að 50m² gestahúsi og allt að 40m² geymslu.

Afmörkuð er ein lóð til viðbótar og kallast hún **Leynir lóð E** og er 5.744 m² að stærð, skilgreind sem landbúnaðarland og er hugsuð fyrir íbúðarhús í tengslum við jörðina. Á lóð E verði heimilt að reisa allt að 150m² íbúðarhús bílskúr, allt að 50 m² gestahúsi og allt að 40 m² geymslu, Gert er ráð fyrir neysluvatnstöku úr sameiginlegu vatnsbólí við upptök Klofalækjar sem er í landi Leynis, þar hefur verið skilgreind vatnsvernd skv. upprætti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Þar sem lóðirnar eru staðsettar inni á fjarsvæði vatnsverndar er farið fram á að frekari útfærsla á frágangi fráveitu verði borin undir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áður en til framkvæmda kemur sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri